



Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið  
b.t. fjárlaganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Austurlandi, 10. maí 2024

**Efni: Umsögn SSA um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, mál 1035, á 154. löggjafarþingi.**

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um fjármálaáætlun 2025-2029 og vill sérstaklega benda fjárlaganefnd á ályktanir haustþings SSA 2023, sem fylgja hér með.

Nýleg efnahagsgreining landshlutans, sem unnin var að beiðni SSA og kynnt ríkisstjórn Íslands í ágúst á liðnu ári, sýnir að Austurland leggur mikið til þjóðarþúsins. Á Reyðarfirði er um 35% alls áls á Íslandi framleitt, tæplega 22% af verðmæti útflutnings sjávarútvegs í heild sinni kemur frá Austurlandi og saman skilar þetta sér í tæplega fjórðungi af heildarútflutningi Íslands. Þannig stendur einn landshluti fyrir tæplega fjórðungi útflutnings landsins þrátt fyrir að þar búi aðeins um 3% landsmanna.

Við þetta má bæta að samkvæmt fjármálaáætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að arðgreiðslur frá Landsvirkjun verði á bilinu 22-26 ma.kr. árið 2025 en samkvæmt [nýjustu fréttum](#) greiðir Landsvirkjun 30 milljarða króna í arð eftir besta rekstrarár í sögu fyrirtækisins. Í þessu samhengi er rétt að benda á hlut Austurlands í tekjum Landsvirkjunar en í landshlutanum er stærsta vatnsaflsvirkjun landsins, Kárahnjúkavirkjun, sem leggur mikið til tekna fyrirtækisins en tæplega 30% af heildarraforkusölu Landsvirkjunar var til Alcoa Fjarðaáls árið 2022 sem var um 35% af raforkusölu til stórnotenda Landsvirkjunar sama ár. Það er ástæðulaust að ætla að þessi hlutföll hafi breyst mikið.

Atvinnulíf á Austurlandi er í mikilli sókn hvert sem litið er og SSA beinir því til stjórnvalda að taka tillit til þess þegar ákvarðanir um innviðauppbýggingu eru teknar. Það er sanngirnismál að fjárfestingar í innviðum séu í samræmi við þá gríðarlegu verðmætasköpun sem á sér stað á Austurlandi og gerir okkur kleift að leysa úr læðingi þann kraft sem býr í íbúum og fyrirtækjum þessa landshluta. Það einfaldlega borgar sig að fjárfesta í Austurlandi.

Ljóst er samkvæmt fjármálaáætlun að ríkissjóður mun fá verulega tekjuaukningu á næstu árum með aukinni gjaldheimtu eða tekjum af t.a.m. orkumannvirkjum, ferðaþjónustu, auknu fiskeldi og sjávarútvegi. Stór hluti af þeirri tekjuaukningu mun eiga sér stað á Austurlandi og má m.a. sjá af áðurnefndri efnahagsgreiningu Austurlands. Austurland á að fá að njóta þeirra tekna til uppbyggingar innviða og eflingar þjónustu.



Hér fyrir neðan eru helstu ábendingar SSA við fjárveitingar er tengjast brýnni uppbyggingu innviða og þróun starfsemi og þjónustu við austfirskt samfélag. Flestar hafa áður komið á borð fjárlaganefndar án þess að varanleg úrlausn hafi fengist og innviðaskuld við landshlutann hækkar með ári hverju. Jafnframt ítrekar SSA þær áherslur sem voru í umsögn sambandsins við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 og eiga enn við.

### Hringtenging Austurlands

Það veldur gríðarlegum vonbrigðum að löngu tímabærar samgönguframkvæmdir á Austurlandi séu ekki nefndar í fjármálaáætluninni. Austurland er fjölkjarnasamfélag þéttbýlis og dreifbýlis. Á svæðinu eru margir rótgrónir byggðarkjarnar, langt á milli þeirra og torfært á vetrum. Það hefur því verið stefna heimamanna, eins og lýst er í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 - 2044, að styrkja alla kjarna með einum eða öðrum hætti en leggja höfuðáherslu á bætta samgöngur. Um þennan vilja heimamanna ætti stjórnvöldum að vera kunnugt enda hafa kjörnir fulltrúar á Austurlandi ályktað árum saman um mikilvægi þess að hringtengja miðsvæði Austurlands þannig að til verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Hringtengingin rýfur vetrareinangrun byggðalaga og tryggir örugga undankomuleið þegar hættuástand skapast vegna ofanflóða. Hringtengingin, auk stórbættrar vetrarþjónustu á vegum Austurlands, er alger grundvallarforsenda þess að í landshlutanum geti þróast og þroskast samfélag sem getur haft sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Við leggjum því þunga áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem eru í núgildandi samgönguáætlun og eru í samræmi við ályktanir SSA mörg undanfarin ár og Svæðisskipulag Austurlands 2022 – 2044.

### Vegakerfið og framkvæmdir

Líkt og fyrr segir er Austurland fjölkjarnasamfélag og sveitarfélögin á Austurlandi hafa sammælt um að landshlutinn eigi að þróast áfram með þeim hætti þ.e. að helstu þéttbýlisstaðir eflist og við höfum sett okkur þá stefnu að uppbygging og viðhald vegakerfis miði að því að það taki að hámarki 60 mínútur að aka að einum af fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum hvaðanæva af svæðinu.

Þetta kallar á að vegir á Austurlandi séu greiðfærir og öruggir allan ársins hring og tryggt að þeir séu þjónustaðir yfir vetrartímamann. Þetta er ekki bara mikilvægt fyrir heimamenn heldur líka gesti okkar en kraftana í ferðaþjónustu á Austurlandi verður ekki hægt að leysa að fullu úr læðingi ef þessari þjónustu er ekki sinnt af metnaði.

Í þessu sambandi viljum við líka minna á ályktanir haustþings SSA frá síðasta ári en þar segir m.a.:

„Haustþing SSA ítrekar að framkvæmdir við endurgerð á Suðurfjarðarvegi og heilsársveg um Öxi hefjist sem fyrst. Slysatiðni er há á Öxi og Suðurfjarðarvegur er metinn einn af hættulegustu vegaköflum landsins auk þess að standa byggðarkjörnum Suðurfjarða fyrir þrifum í áframhaldandi þróun. Í þessu sambandi áréttar haustþingið að einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 og öðrum fjölförnum vegum eru tímaskekkja sem setja þarf aukinn kraft í að fjarlægja úr íslenska vegakerfinu.“



Í þessu samhengi er rétt að minna á [nýlega frétt](#) sem segir frá verktökum á Austurlandi sem geta ekki farið yfir brúnna í botni Reyðarfjarðar, á Þjóðvegi 1, vegna þess hversu hrörleg hún er orðin, enda sjötíu ára gömul. Í stað þess að aka yfir brúnna sæta menn færiss og aka yfir ána á vaði.

Þetta er staðan í landshluta þar sem rekin eru ein öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins auk stærsta álvers á Íslandi sem saman skaffa um 230 milljarða króna í vöruútflutningstekjur og það er ótækt að Austfirðingar þurfi að berjast fyrir því árið 2024 að ný brú leysi þessa sjötíu ára gömlu af hólmi. Brú sem tengir Þjóðveg 1 við næst stærstu vöruútflutningshöfn landsins, Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði.

SSA ítrekar því beini sína um að tryggd verði fjármagn til þessara verkefna í fjármálaáætlun fyrir árin 2025 - 2029.

### Egilsstaðaflugvöllur og Loftbrú

SSA skorar jafnframt á stjórnvöld að tryggja fjármögnun við uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Það er í samræmi við fyrstu flugstefnu Íslands frá árinu 2019 og í takti við aukið mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir Keflavíkflugvöll á eldsumbrotatímum á Reykjanesinu. Verði ráðist í uppbyggingu vallarins nú þegar má fullyrða að möguleikar hans til aukinna vöru- og farþegaflutninga muni margfaldast og tekjur svæðisins líka.

Í þessu samhengi viljum við minna á úrræðið „Loftbrú“ sem hefur gerbreytt möguleikum íbúa landsbyggðanna að sækja sér þjónustu og afþreyingu á Suðvesturhorninu og jafna þar með þann aðstöðumun sem ríkir í landi þar sem hefur því miður þróast með þeim hætti sem raun ber vitni þ.e. að rúmlega 60% landsmanna búi á einu og sama landshorninu. Aðgengi landsbyggðanna að höfuðborgarsvæðinu þarf því að vera greitt og það má t.d. gera með niðurgreiðslu á flugfargjöldum og fjölgun flugleggja. Fjármögnum Loftbrúar og frekari þróunar úrræðisins þarf að tryggja í fjármálaáætlun. Þá væri hægt að nýta þetta úrræði einnig til að jafna þann aðstöðumun sem börn á landsbyggðinni búa við varðandi dýrar keppnisferðir sem tengjast íþróttum. Bent hefur verið á að kostnaður við að stunda íþróttir á landsbyggðinni er mun meiri en á höfuðborgarsvæðinu vegna ferðalaga.

### Fjarskipti

Önnur innviðaskuld ríkisins við Austurland snýr að síma- og netsambandi í landshlutanum. Enn er víða pottur brotinn í þessum efnum og lítið mál að finna „dauða bletti“. Það er gríðarlegt öryggismál m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna á Austurlandi sem og mögulegrar náttúruvár að laga þetta.

Gott netsamband er jafnframt forsenda atvinnuþróunar og möguleika fólks til að sinna staðsetningarlausum störfum í landshlutanum. Ítrekað hefur verið bent á þetta vandamál og það er dapurlegt á þeim hátæknitímum sem við lifum að lesa fréttir [eins og þessa](#) þar sem Stöðfirðingar geta ekki verið á fjárfundum í vinnunni vegna lélegs fjarskiptasambands.



Það er sjálfsgöð innviðaupbygging af hálfu hins opinbera að laga þetta í landshluta sem er í mikilli sókn í atvinnumálum og tryggja þar með að Austurland sé með höfuðborgarsvæðinu á 21. öldinni þegar kemur að síma- og netsambandi.

### Tekjugrunnur sveitarfélaga

SSA beinir því til ríkisvaldsins að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögin bera nú orðið stærstan þungan af því að veita íbúum landsins þjónustu í sínu nærumhverfi. Útgjöld sveitarfélaga hafa farið vaxandi, sem og kröfur eru gerðar til þeirra í fjölmörgum málaflokkum. Það er þar af leiðandi löngu orðið tímabært að þau njóti þess að fá eðlilegri hlutdeild af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, orkuframleiðslu, og fjármagnstekjuskatti.

### Heilbrigðismál

Íbúum og gestum Austurlands fjölgar og lífaldur fer hækkandi og þess vegna þarf að efla þá þjónustu sem Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) veitir íbúum landshlutans. HSA þarf að geta styrkt bráðþjónustu, unnið að forvörnum, eftt geð- og líkamlega heilsu og sinnt öllum sínum lögbundnu skyldum með það að markmiði að auka heilsu og vellíðan íbúa á Austurlandi.

Tryggja þarf rekstrargrundvöll HSA þannig að stofnunin geti sinnt þessari þjónustu og jafnframt þarf að tryggja fjármögnun viðeigandi úrræða tengdum málefnum aldraðra með hækkandi lífaldri, s.s. öflugri heimaþjónustu og uppbyggingu hjúkrunarrýma.

SSA leggur þ.a.l. ríka áherslu á að framlög til reksturs heilbrigðisstofnanna á Austurlandi verði aukin, í takt við aukna þörf, á gildistíma fjármálaáætlunar 2025-2029.

### Háskólanám á Austurlandi

Austurland hefur lengi barist fyrir því að efla háskólanám í landshlutanum og auka aðgengi að námi á háskólastigi. Ýmislegt hefur gerst á allra síðustu árum og í dag stunda fjölmargir háskólanám á Austurlandi. Ljóst er að þörfin fyrir tæknimenntað fólk mun aukast enn frekar á næstu árum því tæknivæðing í fiskvinnslu, iðnaði og öðrum undirstöðuatvinnugreinum er hröð og kallar á vel menntað starfsfólk.

Fyrirhuguð er sameining Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst. Eitt af markmiðunum í þeirri sameiningu er að nýr sameinaður háskóli verði leiðandi fyrir landsbyggðirnar og sé leiðandi í fjarnámi. SSA hvetur stjórnvöld til að líta á þessa sameiningu sem tækifæri til að hrinda af stað öflugri uppbyggingu á aðstöðu og þjónustu til háskólanáms á Austurlandi og tryggja að fjármögnun á þeirri uppbyggingu sé fundinn staður í fjármálaáætluninni.



### Byggðamál og sóknaráætlun

Á liðnum árum hefur byggst upp farsælt samstarf á milli landshluta og ráðuneyta í gegnum samninga. Má þar nefna t.a.m. samninga um áfangastofur, atvinnuþróun, nýsköpun og byggðaþróun sem og samninga um sóknaráætlun. Því miður hafa þessir samningar ekki fylgt verðlags- eða launaþróun og þ.a.l. dregið kraft úr þeim sem annars væri til staðar. Þetta er afar óheppilegt, svo ekki sé meira sagt, og vinnur gegn tilgangi þessara samninga sem er að efla samfélögin á landsbyggðinni.

Nú er í undirbúningi vinna við nýjar sóknaráætlanir landshluta sem ætlað er að gildi fyrir árin 2025-2029. Það er mjög mikilvægt að fjármálaáætlun styðji við þessa vinnu enda verður hún að miklu leyti byggð á þeim stefnum sem stjórnvöld hafa nú þegar sett sér s.s. eins og í byggðaáætlun, menningarstefnu, landsskipulagsstefnu og eftir atvikum annarri opinberri stefnumótun.

Sóknaráætlanir landshlutanna leika því stórt hlutverk í að hrinda í framkvæmd áformum stjórnvalda í hverjum landshluta. Þetta er t.d. gert í gegnum rekstur menningarmiðstöðva, eins og hér á Austurlandi, og í gegnum uppbyggingarsjóð landshlutanna. Því miður hefur framlag sjóðsins til frumkvöðla á Austurlandi staðið að mestu í stað síðustu ár og það segir sig sjálft að það dregur úr áhuga fólks og nýsköpunarþroti að sækjast eftir fjármagni í sjóðinn ef uppskeran er rýr.

Þá teljum við einnig brýnt að fleiri ráðuneyti komi að fjármögnun sóknaráætlana landshlutanna. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að í fjármálaáætlun sé ráðuneytum veitt heimilt til að koma með sterkum hætti inn í vinnu við gerð nýrra sóknaráætlana með heimamönnum.

Þannig getum við eflt byggðir landsins saman.

Fh. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir  
framkvæmdastjóri SSA

### Meðfylgjandi

- Efnahagsgreining Austurlands
- Leysum kraftinn úr læðingi - Ályktanir Haustþings SSA 2023